



4. fundur í aðalstjórn Aftureldingar þriðjudaginn 15. ágúst 2017

Haldinn á skrifstofu Aftureldingar að Varmá kl. 18:00

Mætt: Dagný Kristinsdóttir (DK), Geirarður Long (GL), Birna Kristín Jónsdóttir (BJ), Krístrún Kristjánsdóttir (KK), og Sigurður Rúnar Magnússon (SRM).

Jón Júlíus Karlsson (JK), Kjartan Þór Reinholdsson (KPR) og Anna Fríða Magnúsdóttir (AFM) boðuðu forföll.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Stundatafla haustsins.

Hanna Björk íþróttafulltrúi fór yfir stundatöfluna vetrarins sem er nánast að verða klár eftir þónokkra yfirlegu.

2. Starf íþróttafulltrúa

Starf íþróttafulltrúa, sem Hanna Björk Halldórsdóttir er nýráðin í, er nýtt og ómótað starf sem býður upp á marga möguleika. Hanna vill auka samskipti milli formanna, þjálfara og íþróttafulltrúa og einnig efla faglegt starf við þjálfara, t.d. með grunnnámskeiðum, símenntun og auka samskiptafærni.

3. Starfslýsing framkvæmdastjóra og íþróttafulltrúa

Farið yfir starfslýsingar og verkaskiptingu á milli framkvæmdastjóra og íþróttafulltrúa.

4. Staðan á BUR og Meistaraflokki kvenna í handknattleik.

Farið yfir stöðu deildarinnar frá því í vor en fjárhagsstaða ráðanna hefur ekki verið góð eins og komið hefur fram í fundargerðum frá því fyrr í sumar. Manna þarf í ráðin, bæði í BUR og meistaraflokki kvenna.

5. Búningamál

Samningurinn við Errea rennur út 30. sept 2018 en það samstarf er búið að vera á síðan árið 2010. Sá samningur var endurnýjaður og endurbættur 2014. Velt upp möguleikum varðandi nýjan samning eða samstarf við nýja aðila. Ákveðið að skrifstofan fari í að skoða hvaða möguleikar eru fyrir hendi, áður en endanleg ákvörðun verður tekin.

6. Knattspyrnuhús í Mosfellsbæ

Farið var yfir skýrslu frá verkfræðistofu Verkís varðandi úttekt á knatt húsi. Samþykkti aðalstjórn Aftureldingar, að höfðu samráði við stjórn knattspyrnudeildar félagsins, tillögur sem komu frá Mosfellsbæ er varða byggingu knatt húss á Varmásvæði en þó með fyrirvara um stærð vallarins og hitun á húsinu. Aðalstjórn sendir því inn formlegt samþykki sitt vegna þessa. Fyrsta verk er að setja nýtt gervigras á Varmásvæðið sem verður sett á í lok september.

7. Mætingarlistar þjálfara í Nóra

Lagt til að þjálfarar skrái mætingu á æfingar í Nóra til hafa betra utanumhald um iðkendur og fá raun nýtingartölur á sölunum. Það að halda mætingalista er ein af starfsskyldum þjálfara og ætlast aðalstjórn til þess að listarnir séu fylltir út. Það er svo á ábyrgð stjórn hvernar deildar að ganga á eftir því þessu sé framfylgt.

Kynnt enn frekar á formannafundi og starfsdegi Aftureldingar.

8. Önnur mál.

Næstu fundir:

- Gjaldkerafundur 24. ágúst fyrir nýja gjaldkera. Farið verður yfir vinnulag ofl.
- Formannafundur 29. ágúst.
- Starfsdagur Aftureldingar 28.september
- Deildafundir verða haldnir í október

Fundi slitið kl 20.10

Kristrún Kristjánsdóttir

(sign).